



ORKUSTOFNUN

Orkubúskapardeild

Raforkuspá 2001 - 2025

**Endurreikningur á spá frá
1997 út frá nýjum gögnum
og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd, raforkuhópur

2001

OS-2001/063



ORKUSTOFNUN
Orkubúskapardeild

Orkuspárnefnd, raforkuhópur

RAFORKUSPÁ 2001 - 2025

**Endurreikningur á spá frá 1997 út frá
nýjum gögnum og breyttum forsendum**

OS-2001/063


Reykjavík, október 2001

ORKUSTOFNUN Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Kennitala 500269-5379 - Sími 569 6000 - Fax 568 8896
Netfang os@os.is - Veffang <http://www.os.is>

© 2001 Orkuspárnefnd

- Gefið út sem skýrsla Orkustofnunar
- Vinnslu efnis og frágang texta önnuðust Jón Vilhjálmsson og Nora Dimitrova hjá Verkfræðistofunni Afl ehf.



Skýrsla nr: OS-2001/063	Dags: Október 2001	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Raforkuspá 2001 - 2025 Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum	Upplag: 20	
	Fjöldi síðna: 69	
Höfundar: Orkuspárnefnd, raforkuhópur	Verkefnisstjóri: Þorkell Helgason	
Gerð skýrslu / Verkstig: Orkuspá, árlegur endurreikningur	Verknúmer: 6-550941	
Unnið fyrir:		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni, sem er unnin á vegum Orkuspárnefndar, er birtur endurreikningur á spá frá 1997 um raforkunotkun hér á landi til almennra nota og núverandi orkufreks iðnaðar fram til ársins 2025. Sett hafa verið inn í orkuspárlíkanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda o.fl., og eru breytingarnar raktar. Notkunin er áætluð fyrir hvern landshluta auk landsins alls. Almennri raforkunotkun er skipt niður á sex flokka auk dreifi- og flutningstapa. Einnig er spáð um aflþörf. Raforkuvinnsla árið 2000 var alls 7.679 GWh, þar af hjá Landsvirkjun 6.579 GWh. Vinnslan var því 28 GWh umfram spána frá 1997. Stórnotkun var 119 GWh meiri en gert var ráð fyrir og er sá þáttur sem vikir mest frá spánni. Flutningstöp reyndust 7 GWh minni en spáð var en almenn notkun forgangaorku 33 GWh meiri. Notkun stóriðju á ótryggðri orku reyndist 58 GWh minni en samkvæmt spánni, og almenna notkunin var 54 GWh minni en spáin gerði ráð fyrir. Hitastigsleiðrétting er hverfandi.		
Lykilorð: Orkuspá, raforkunotkun, raforkuvinnsla, forgangsorka, ótryggð orka, álag	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra:  Yfirfarið af:	

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	3
TÖFLUSKRÁ.....	4
1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	5
2 FORSENDUR.....	7
3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN.....	11
4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1997	21
RITASKRÁ.....	25
VIÐAUKI 1, RAFORKUVINNSLA ÁRSINS 1999 GREIND NIÐUR Á VIRKJANIR OG MÁNUÐL.....	27
VIÐAUKI 2, RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1999 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR	33
VIÐAUKI 3, RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1999 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA.....	39
VIÐAUKI 4, NOTKUN SKIPT NIÐUR Á SÖLUSTADI FRÁ MEGINFLUTNINGSKERFINU.....	45
VIÐAUKI 5, AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 1999	53
VIÐAUKI 6, FORSENDUR RAFORKUSPÁR FRÁ 1997 OG BREYTINGAR SEM GERÐAR VORU VIÐ ENDURREIKNING.....	67

TÖFLUSKRÁ

1	Raforkunotkun stóriðjufyrirtækja næstu árin.....	11
2	Spá um raforkunotkun, forgangsorka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi stóriðja.....	12
3	Spá um raforkunotkun, ótryggð orka	13
4	Spá um raforkunotkun, forgagns- og ótryggð orka.....	14
5	Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka	15
6	Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, og ótryggð orka.....	16
7	Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgagns- og ótryggð orka.....	17
8	Spá um almenna raforkunotkun, forgangsorka, greind niður á landshluta	18
9	Spá um almenna raforkunotkun, ótryggð orka, greind niður á landshluta.....	19
10	Spá um almenna raforkunotkun, forgagns- og ótryggð orka, greind niður á landshluta	20
11	Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá	22
12	Breytingar á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, greind niður á flokka	23
13	Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá, greind niður á landshluta	24

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuhópur Orkusparnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 1997, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar).

Raforkuvinnsla rafveitna árið 2000 var alls 7.679 GWh og þar af var vinnsla Landsvirkjunar 6.579 GWh. Raforkuvinnsla var þá 28 GWh meiri en spáin frá 1997 gerði ráð fyrir. Heildarálag á kerfið var 5 MW minna en áætlað var. Ef einungis er litið á forgangsorku er hún 145 GWh meiri en spáin gerði ráð fyrir og hitastigsleiðrétting minnkar notkunina um 6 GWh. Sá þáttur sem mest vîkur frá spánni er stórnotkunin sem er 119 GWh meiri en miðað var við en gert var ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan væri hætt rekstri og þar er um að ræða 40 GWh og afgangurinn er vegna meiri notkunar hjá Íslenska álfélaginu. Flutningstöpin reyndust 7 GWh minni en spáð var árið 1997. Almenn notkun forgangsorku er 33 GWh meiri en ráð var fyrir gert árið 1997.

Notkun stóriðju á ótryggðri orku reyndist 58 GWh minni en spáð var og almenna notkunin var 54 GWh minni en spáð var. Hafa ber í huga að um er að ræða markaðsspá fyrir ótryggða orku og þegar skortur verður á vatni við virkjanir er þessi notkun skert og þá verður hún eðlilega nokkuð lægri en markaðsspáin.

Á síðasta ári varð aflþörf raforkukerfisins mest þann 15. desember milli klukkan 10 og 11 og varð þá meðalálag á orkuver kerfisins 1.065 MW og hafði aukist um 34 MW frá árinu á undan. Aflþörf almenningsveitna var á þeim tímapunkti 460 MW, þörf stóriðjufyrirtækja var 563 MW og töp í flutningskerfinu og eigin notkun Landsvirkjunar því 43 MW eða 3,9 %.

Raforkunotkun og aflþörf á veitusvæðum einstakra rafveitna hefur einnig verið áætluð en þær niðurstöður eru ekki birtar hér heldur hefur hver veita fengið niðurstöður varðandi sitt veitusvæði. Uppgjör fyrir einstaka landshluta og einstakar veitur hefur orðið flóknari vegna sölu Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur til Landsvirkjunar.

Áætluð forgangsorka hefur minnkað við þennan endurreikning vegna minni almennrar notkunar og minni flutningstapa. Minni notkun skýrist meðal annars af forsendum um minni fiskafla og minni hagvöxt á allra næstu árum.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2000. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2000 greind niður á notkunarflokkum og rafveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkum og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2000 í viðauka 5. Í viðauka 6 eru helstu forsendur spárinnar sýndar ásamt þeim breytingum sem nú voru gerðar.

Vinnslu efnis og frágang texta hafa Jón Vilhjálmsson og Nora Dimitrova hjá Verkfræðistofunni AFLi annast. Þessi skýrsla er einnig á heimasíðu Orkuspárnefndar, sjá www.orkuspa.is.

2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn í orkuspárlikanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Eftirtaldir breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinnar:

- 1) **Landsframleiðsla:** Varðandi árið 2001 er tekið mið af áætlunum Þjóðhagsstofnunar samkvæmt tölum í nýútkominni Þjóðhagsáætlun. Þar er miðað við að landsframleiðsla hafi aukist um 5,3% árið 1998, um 4,0% árið 1999 og um 5,0% árið 2000. Spáð er að hún aukist um 1,9% árið 2001, um -0,3% árið 2002 og um 2,0% til 2,5% næstu ár þar á eftir. Veruleg óvissa er ætíð í áætlunum um hagvöxt og er hér miðað við að verndun þorsstofnsins skili árangri á næstu árum og að hann verði kominn upp í fulla stærð árið 2015. Nú er gert ráð fyrir minni jafnstöðuafla til lengri tíma lítið en áður í samræmi við nýja eldsneytisspá.
- 2) **Mannfjöldi:** Mannfjöldaspánni er breytt út frá raunverulegum fólksfjölda á síðasta ári. Miðað er við að fólksflutningar að og frá landinu verði í jafnvægi eins og gert var í síðustu spá. Árið 1991 fluttu um eitt þúsund fleiri til landsins en frá því, árið 1992 fluttu 250 fleiri frá landinu en til þess og flutningar voru í sömu átt árið 1993 um 200 manns. Árið 1994 jukust síðan flutningar frá landinu og fluttu um 760 fleiri frá landinu, árið 1995 hélt þessi þróun áfram og fluttu þá rúmlega 1.400 fleiri frá landinu en til þess, árið 1996 lækkaði brottflutningurinn niður í 444 en árið 1997 snérist þetta við og 69 fleiri fluttu til landsins en frá því, 880 fleiri fluttu til landsins en frá því árið 1998, 1.122 manns árið 1999 og flutningarnir voru í sömu átt á síðasta ári um 1.714 manns. Þessi tíu ár hefur því verið aðflutningur fólks í fimm ár en brottflutningur í fimm ár og að meðaltali hafa um 171 fleiri flutt til landinu en frá því. Fæðingum er heldur að fækka í samræmi við forsendur spárinnar. Á þessum áratug hefur fólki fækkað í öllum landshlutum nema Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi og við þennan endurreikning fækkar fólki árið 2025 utan höfuðborgarsvæðisins um 3.500 manns frá síðustu spá (1997) en fjöldinn á höfuðborgarsvæðinu eykst um 11.400. Ekki voru gerðar breytingar á fólksfjöldaforsendunum frá síðasta endurreikningi þannig að það eru einungis nýjar rauntölur sem breyta niðurstöðunum núna.
- 3) **Atvinnustarfsemi:** Settar hafa verið inn nýjar rauntölur varðandi atvinnustarfsemina þar sem slíkt liggur fyrir. Ekki liggur þó fyrir nein ný

atvinnuvegaskýrsla en sú nýjasta er fyrir árið 1997. Þó liggja fyrir áætlaðar tölur um meinflokka fyrir síðustu ár og er tekið mið af þeim. Varðandi fiskveiðar og vinnsla hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunarinnar og tölurnar til lengri tíma litið hafa verið endurskoðaðar. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við.

- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á hlutfalli húsrýmis sem ekki er hitað. Skipting niður á orkugjafa hefur nokkuð verið breytt þannig að hlutur raforku við hitun íbúðarhúsnæðis hefur minnkað. Einnig kemur fyrrnefnd fækkun á fólki utan Suðvesturlands fram í rafhituninni. Ekki hafa fengist tölur úr fasteignamati ársins 2000 og er þetta í fyrsta skipti frá 1983 sem slíkar tölur fást ekki.
- 5) **Raforkunotkun heimila:** Heimilisnotkun á núverandi heimilum hefur verið aukin í samræmi við rauntölur síðasta ár. Raforkunotkun heimila var 34 GWh meiri árið 2000 en spáin frá 1997 gerði ráð fyrir.
- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Veruleg aukning varð á raforkunotkun við garðyrkju og ylraekt árin 1992 og 1993 bæði vegna þess að notkunin jókst og líklega einnig vegna þess að greining á notkunarflokkum fékkst í fyrsta sinn frá Rafveitu Hveragerðis fyrir árið 1993. Árin 1996-98 jókst notkun aftur mikið en næsta ár stóð hún að mestu í stað en jókst mikið að nýju á síðasta ári. Raforkunotkun í landbúnaði var 15 GWh meiri árið 2000 en ráð var fyrir gert árið 1997 en hafa ber í huga að erfitt er að greina á milli landbúnaðar og heimilisnotkunar. Samdráttur í landbúnaði hefur ekki komið fram í raforkunotkun greinarinnar sem hefur að mestu staðið í stað á undanförunum árum. Því má ætla að nokkuð sé um að raforkunotkun í dreifbýlinu sé talin til landbúnaðar hjá þeim aðilum þar sem landbúnaður er ekki meginstarfsemi ábúenda á jörðum.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Notkun forgangsorku í iðnaði jókst um 12 GWh árið 2000, um 6 GWh árið 1999, um 10 GWh árið 1998, um 9 GWh árið 1997 og 27 GWh árið 1996. Hægt hefur mikið á aukningu í fiskiðnaði en þar var nokkur aukning á síðasta ári vegna aukinnar notkunar í fiskimjölsværksmiðjum en annar fiskiðnaður stendur að mestu í stað. Notkunin í iðnaði var nokkru minni á síðasta ári en spáð var árið 1997 eða 28 GWh. Þetta skilar sér einnig í minni notkun en spáð var næstu árin. Ótryggt orka í iðnaði var 40 GWh minni en ráð

var fyrir gert aðallega vegna þess að notkun fiskimjölsverksmiðja reynst minni en búist var við. Forsendur um fiskiðnað eru nokkuð breyttar vegna breytinga á aflaforsendum en forsendur um almennan iðnað eru lítið breyttar. Varðandi ótryggðu orkuna er tekið tillit til þess að samið hefur verið um sölu á orku til fiskimjölsverksmiðju á Seyðisfirði og verið er að ganga frá samningi við verksmiðju á Eskifirði. Samtals eru þessir samningar 85 GWh/ári og 24 MW. Ekki er gert ráð fyrir frekari aukningu ótryggðrar orku í þeim iðnaði á spátímabilinu.

- 8) **Þjónusta:** Meiri aukning var í notkun forgangsorku í þjónustu en spáð var og var notkunin 63 GWh meiri árið 2000 en áætlað var árið 1997. Nú er miðað við meiri aukningu í þjónustu en gert var í spánni frá 1997 enda er uppbygging þjónustu mikil um þessar mundir. Mikill hagvöxtur á síðustu árum hefur skilað sér í aukinni notkun þjónustugreina og hefur t.d. mikið verið byggt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Sala á ótryggðri orku til þjónustustarfsemi nam um 11 GWh á síðasta ári en hér er aðallega um að ræða hitun skóla og sundlauga og var notkunin 3 GWh meiri en áætlað hafði verið.
- 9) **Veitur:** Kyntar hitaveitur keyptu meiri raforku árið 2000 en árið á undan þar sem ekki var skerðing á ótryggðri orku. Notkunin jókst úr 165 GWh í 177 GWh. Árið 1998 var þessi notkun 125 GWh, 1997 var hún 185 GWh og 178 GWh árið 1996. Eigin notkun Landsvirkjunar er talin með veitum eins og undanfarin ár en hún var 57 GWh og minnkaði um 2 GWh frá árinu á undan. Notkun forgangsorku við veitustarfsemi var annars 12 GWh meiri en spáð var. Ótryggða orkan var 16 GWh lægri en spáð var. Hafa ber í huga að í spánni er markaður fyrir ótryggða orku áætlaður en ekki afhent orka sem sveiflast getur verulega milli ára eftir því hve mikil slík orka er tiltæk í kerfinu á hverjum tíma. Litlar aðrar breytingar hafa verið gerðar á forsendum varðandi veitustarfsemi.
- 10) **Annað:** Notkun í þessum flokki var 12 GWh minni en spáð var árið 1997, sem stafar aðallega af minni notkun varnarliðsins, en hún hefur minnkað um 5 GWh á síðustu fjórum árum. Notkun í fiskeldi hefur aukist um 2 GWh frá 1998 eftir að hafa minnkað árið á undan.
- 11) **Dreifitöp:** Dreifitöpum var breytt í samræmi við rauntölur síðasta árs. Þau voru minnkuð á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurlandi en aukin í öðrum landshlutum (SN 7,0% í 5,5%, HS 6,5% í 2,5%, VL 8,5% í 7,8%, VF 14,3% í 14,6%, NL 5,8% í 6,5%, AL 5,8% í 6,5% og SL 10,5% í

9,0%). Töpin eru óeðlilega lág á höfuðborgarsvæðinu. Hafa ber þó í huga að ótryggð orka er greind frá forgangsorkunni og eiga þessar tölur við forgangsorkuna en miðað er við 4,5% töp við dreifingu á ótryggðri orku fyrir önnur svæði en Vestmannaeyjar og Neskaupstað þar sem notuð eru útreiknuð töp frá Rafmagnsveitum ríkisins. Dreifitöp forgangsorku voru 54 GWh minni en búist var við en hafa ber í huga að töpin eru óeðlilega lítil á síðasta ári. Þar sem einungis er lesið af flestum raforkumælum einu sinni á ári tekur það nokkurn tíma fyrir breytingar í notkun að skila sér í viðkomandi notkunarflokki. Þegar vöxtur notkunar er að aukast kemur því fram aukning í dreifitöpum en þessu er síðan öfugt farið þegar aukning notkunar er að minnka.

- 12) **Orkunotkun stóriðju:** Íslenska álfélagið, Íslenska járnblendifélagið og Áburðarverksmiðjan hf. notuðu forgangsorku að fullu á síðasta ári en þó hefur gengið heldur hægar að auka notkunina hjá Íslenska álfélaginu en ráð var fyrir gert. Járnblendifélagið, Norðurál og Áburðarverksmiðjan notuð öll minni raforku á síðasta ári en búist var við. Þær breytingar eru gerðar á notkun stóriðju nú að gert er ráð fyrir að áburðarframleiðslu sé hætt á þessu ári.
- 13) **Flutningstöp:** Flutningstöpin hafa minnkað að nýju þrátt fyrir aukna notkun og voru á síðasta ári 7 GWh minni af forgangsorkunni og 5 Wh minni af ótryggðu orkunni en ráð var fyrir gert í spánni frá 1997. Töpin eru því nú áætluð heldur minni en í spánni frá 1997 eða 3,0% í stað 3,5%. Ekki liggja fyrir aflmælingar á eigin notkuninni Landsvirkjunar og er aflþörf hennar því enn talin með töpunum.
- 14) **Aflþörf:** Aflþörfin reyndist heldur minni á síðasta ári en spáin gerði ráð fyrir eða 1.065 MW en áætlað var að hún yrði 1.070 MW fyrir notkunina í heild. Aflþörf almennrar notkunar var 22 MW minni en ráð var fyrir gert árið 1997. Nýtingartími almennrar notkunar er nú áætlaður 6.000 stundir til lengri tíma litið. Nánari upplýsingar um aflþörfina er að finna í viðauka 5.
- 15) **Ótryggð orka til almennra nota:** Ótryggð orka til almennra nota er greind frá forgangsorku og er þá miðað við þá samninga sem gerðir hafa verið um slíka sölu. Einungis eru teknir með þeir samningar sem þegar hafa verið gerðir um slíka notkun. Hér er um að ræða spá um stærð þessa markaðar og því ekki tekið tillit til skerðinga á afhendingu í slæmum vatnsárum.

3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 2 til 10 auk þess sem notkun stóriðju er sýnd í töflu 1. Tafla 2 sýnir notkunina á landinu næstu árin samkvæmt spánni þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Einungis er um forgangsorku að ræða bæði varðandi almenna markaðinn og stóriðju. Í töflu 3 er sýnd ótryggða orkan og í töflu 4 orkan í heild. Ótryggða orkan er í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um þessa notkun og sýnir því þann markað sem er til staðar en notkunin getur verið minni í einstökum árum þegar slíka orka er ekki að fullu tiltæk.

Tafla 5 sýnir almenna notkun greinda niður á þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að aukning forgangsorku var 2,4% árið 1997, 2,5% árið 1998, 3,5% árið 1999 og 3,5% árið 2000. Gert er ráð fyrir að hægi á aukningu á þessu ári eða að almenna forgangsorkan aukist um 2,3% í samræmi við þróunina á fyrra hluta ársins og að síðan hægi frekar á henni á næsta ári eða að hún verði 0,5%. Til lengri tíma litið er búist við að notkunin aukist um nálægt 2% á ári. Í töflu 6 er ótryggða orkan sýnd og heildarorkan í töflu 7. Almennri notkun, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 8 til 10.

Tafla 1 Raforkunotkun stóriðjufyrirtækja næstu árin.

Ár	Fyrirtæki	Forgangsorka		Ótryggð orka		Samtals	
		GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2001	Íslenska álfélagið	2.512	288	244	28	2.756	316
	Íslenska járnblendifélagið	917	115	103	10	1.020	125
	Áburðarverksmiðjan	40	7	32	15	72	21
	Norðurál	1.013	145	113	16	1.126	161
	Samtals	4.482	555	492	69	4.974	623
2002	Íslenska álfélagið	2.512	288	244	28	2.756	316
	Íslenska járnblendifélagið	917	115	103	10	1.020	125
	Áburðarverksmiðjan	0	0	0	0	0	0
	Norðurál	1.260	145	140	16	1.400	161
	Samtals	4.689	548	487	54	5.176	602

Tafla 2 Spá um raforkunotkun, forgangsorka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (* Rauntölur).

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh+	MW	GWh	MW	GWh+	MW	GWh	MW
1990*	1.947	347	1.603	192	152	25	3.702	
1991*	1.964	350	1.603	192	147	25	3.714	
1992*	2.004	357	1.603	192	150	25	3.757	
1993*	2.022	360	1.631	195	143	24	3.796	
1994*	2.085	364	1.631	195	107	23	3.823	
1995*	2.152	383	1.631	195	102	24	3.885	
1996*	2.168	386	1.631	195	119	26	3.919	
1997*	2.222	378	2.012	313	148	38	4.381	
1998*	2.278	385	2.920	414	229	36	5.426	
1999*	2.358	395	3.925	502	222	59	6.505	
2000*	2.441	417	4.307	505	200	38	6.948	
2001	2.496	415	4.482	555	216	41	7.193	1.010
2002	2.508	417	4.689	548	223	42	7.420	1.008
2003	2.550	424	4.689	548	224	43	7.463	1.015
2004	2.595	432	4.689	548	225	43	7.510	1.023
2005	2.643	440	4.689	548	227	43	7.558	1.032
2010	2.891	482	4.689	548	234	45	7.815	1.075
2015	3.185	531	4.689	548	244	46	8.118	1.125
2020	3.513	586	4.689	548	254	48	8.456	1.182
2025	3.885	648	4.689	548	265	51	8.839	1.246

+ Eigin notkun Landsvirkjunar innifalin í flutningstöpunum árin 1990-93.

Tafla 3 Spá um raforkunotkun, ótryggð orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (*Rauntölur).

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh+	MW	GWh	MW	GWh+	MW	GWh	MW
1990*	184	0	530	89	31	5	745	
1991*	205	0	480	88	28	5	713	
1992*	230	0	522	89	31	5	783	
1993*	233	0	659	93	35	6	927	
1994*	251	0	672	94	27	6	950	
1995*	306	62	759	102	27	6	1.092	
1996*	339	67	819	105	36	8	1.195	
1997*	350	71	810	105	41	8	1.201	
1998*	265	52	550	97	35	8	850	
1999*	299	72	359	77	23	6	681	
2000*	335	74	375	76	21	4	731	
2001	365	76	492	69	27	5	884	146
2002	401	84	487	54	27	5	916	139
2003	456	95	487	54	29	6	972	150
2004	458	95	487	54	29	6	974	151
2005	460	96	487	54	29	6	976	151
2010	473	99	487	54	30	6	990	154
2015	485	101	487	54	30	6	1.002	156
2020	493	103	487	54	30	6	1.010	158
2025	500	104	487	54	31	6	1.018	159

+ Eigin notkun Landsvirkjunar innifalin í flutningstöpunum árin 1990-93.

Tafla 4 Spá um raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (*Rauntölur, mesta álag/álag á mesta álagstíma).

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh+	MW	GWh	MW	GWh+	MW	GWh	MW
1990*	2.131	387	2.133	280	183	31	4.447	657
1991*	2.169	380	2.083	279	175	29	4.427	660
1992*	2.234	390	2.125	281	181	30	4.540	672
1993*	2.255	393	2.290	288	178	30	4.723	698
1994*	2.337	401	2.303	283	134	29	4.774	712
1995*	2.458	421	2.390	289	129	30	4.977	737
1996*	2.507	432	2.450	297	156	33	5.113	757
1997*	2.571	434	2.822	406	188	46	5.581	872
1998*	2.542	455	3.470	517	264	43	6.276	889
1999*	2.657	455	4.283	557	245	65	7.185	1.021
2000*	2.776	460/460	4.682	587/563	221	43	7.679	1.065
2001	2.861	492/492	4.974	623/591	242	46	8.077	1.129
2002	2.910	501/501	5.176	602/570	250	48	8.336	1.118
2003	3.006	518/518	5.176	602/570	253	48	8.435	1.135
2004	3.053	526/526	5.176	602/570	255	48	8.483	1.144
2005	3.102	535/534	5.176	602/570	256	49	8.534	1.153
2010	3.365	580/578	5.176	602/570	264	50	8.805	1.198
2015	3.670	633/629	5.176	602/570	274	52	9.120	1.251
2020	4.006	691/686	5.176	602/570	284	54	9.466	1.310
2025	4.385	756/749	5.176	602/570	296	56	9.857	1.375

+ Eigin notkun Landsvirkjunar innifalin í flutningstöpunum árin 1990-93.

Tafla 5 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsocka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Ión- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf MW
1990*	254.788	527	181	364	401	118	166	1.758	189	1.947		347
1991*	257.965	528	178	359	420	126	170	1.781	183	1.964	0,9	350
1992*	261.103	541	179	341	441	138	165	1.807	198	2.004	2,0	357
1993*	263.783	559	185	350	459	130	163	1.846	176	2.022	0,9	360
1994*	266.006	556	181	355	475	193	169	1.931	154	2.085	3,1	364
1995*	267.380	559	183	356	489	213	171	1.971	181	2.152	3,2	383
1996*	268.927	563	181	383	505	188	180	2.000	169	2.168	0,8	386
1997*	271.092	578	185	392	519	189	181	2.045	176	2.221	2,4	378
1998*	273.794	589	184	402	543	184	177	2.080	198	2.278	2,5	385
1999*	277.184	610	185	408	578	219	180	2.180	178	2.358	3,5	395
2000*	281.154	639	188	420	642	230	182	2.301	140	2.441	3,5	417
2001	285.117	650	183	413	691	232	185	2.354	142	2.496	2,2	415
2002	288.311	658	179	404	704	233	189	2.367	141	2.508	0,5	417
2003	290.442	667	176	415	722	234	192	2.407	143	2.550	1,7	424
2004	292.490	676	172	427	744	236	196	2.451	145	2.595	1,8	432
2005	294.450	684	171	440	763	237	200	2.496	147	2.643	1,8	440
2010	303.423	726	169	497	872	245	224	2.733	158	2.891	1,9	482
2015	311.523	770	168	550	1.021	253	254	3.015	170	3.185	2,0	531
2020	318.806	818	167	582	1.197	272	294	3.330	184	3.513	2,0	586
2025	324.876	868	166	622	1.407	277	347	3.687	198	3.885	2,1	648

Tafla 6 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Ibúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf MW
1990*	254.788	0	0	31	0	145	0	176	8	184		
1991*	257.965	0	0	37	0	158	0	196	9	205	11,2	
1992*	261.103	0	0	47	1	171	0	219	10	230	12,0	
1993*	263.783	0	0	51	1	171	0	223	10	233	1,5	
1994*	266.006	0	0	61	1	178	0	240	11	251	7,8	
1995*	267.380	0	0	110	2	180	0	292	14	306	21,7	61,8
1996*	268.927	0	0	141	4	178	0	323	15	339	10,7	66,6
1997*	271.092	0	0	141	8	185	0	334	16	350	3,3	70,9
1998*	273.794	0	0	119	8	125	0	253	12	265	-24,4	52,0
1999*	277.184	0	0	109	9	165	0	282	16	299	12,9	71,8
2000*	281.154	0	0	129	11	177	0	317	18	332	11,1	74,0
2001	285.117	0	0	160	11	178	0	349	16	365	10,1	76,1
2002	288.311	0	0	196	11	176	0	383	18	401	9,8	83,6
2003	290.442	0	0	248	11	176	0	435	20	456	13,6	94,9
2004	292.490	0	0	250	11	176	0	437	21	458	0,4	95,3
2005	294.450	0	0	251	11	177	0	439	21	460	0,5	95,8
2010	303.423	0	0	255	12	185	0	452	21	473	0,6	98,6
2015	311.523	0	0	259	13	191	0	463	22	485	0,5	101,0
2020	318.806	0	0	263	14	194	0	471	22	493	0,3	102,7
2025	324.876	0	0	266	15	196	0	478	22	500	0,3	104,2

Tafla 7 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka og ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Ibúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf MW
1990*	254.788	527	181	395	401	264	166	1.934	197	2.131		387
1991*	257.965	528	178	396	420	284	170	1.977	192	2.169	1,8	380
1992*	261.103	541	179	389	442	309	165	2.026	208	2.234	3,0	390
1993*	263.783	559	185	400	460	301	163	2.068	187	2.255	0,9	393
1994*	266.006	556	181	416	476	371	169	2.171	166	2.337	3,6	401
1995*	267.380	559	183	466	491	394	171	2.263	195	2.458	5,2	421
1996*	268.927	563	181	523	509	366	180	2.323	184	2.507	2,0	432
1997*	271.092	578	185	534	527	374	181	2.379	191	2.571	2,5	434
1998*	273.794	589	184	522	551	310	177	2.333	210	2.542	-1,1	450
1999*	277.184	610	185	516	587	384	180	2.463	191	2.654	4,4	455
2000*	281.154	639	188	549	653	407	182	2.618	158	2.776	4,6	460
2001	285.117	650	183	572	701	411	185	2.703	158	2.861	3,2	492
2002	288.311	658	179	601	715	409	189	2.750	160	2.910	1,7	501
2003	290.442	667	176	664	733	411	192	2.842	164	3.006	3,3	518
2004	292.490	676	172	677	755	412	196	2.888	165	3.053	1,6	526
2005	294.450	684	171	691	774	414	200	2.935	167	3.102	1,6	535
2010	303.423	726	169	752	884	430	224	3.185	179	3.365	1,7	580
2015	311.523	770	168	809	1.034	445	254	3.478	192	3.670	1,8	633
2020	318.806	818	167	845	1.211	466	294	3.801	206	4.006	1,8	691
2025	324.876	868	166	888	1.422	473	347	4.165	220	4.385	1,9	756

Tafla 8 Spá um almenna raforkunotkun, forgangsorka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1990*	193,0	698,0	183,0	137,0	337,0	189,7	209,2
1991*	191,0	724,0	181,0	136,0	329,0	182,7	220,4
1992*	186,0	718,0	187,0	142,0	341,0	196,6	233,6
1993*	189,0	724,0	185,0	143,0	344,0	201,6	235,3
1994*	189,0	744,9	185,2	143,5	370,0	197,2	255,5
1995*	191,0	763,4	188,9	142,4	390,4	206,3	269,3
1996*	197,4	785,6	182,1	140,4	377,2	215,3	270,2
1997*	200,3	807,6	192,8	135,6	381,4	224,9	278,1
1998*	203,7	846,4	198,9	138,1	383,0	232,7	275,0
1999*	210,9	888,5	196,8	136,6	382,3	222,1	320,7
2000*	226,7	945,3	194,3	134,3	392,7	224,1	323,8
2001	228,5	992,8	194,4	134,0	395,1	223,5	327,4
2002	228,4	1.015,8	192,7	131,8	393,4	219,6	326,7
2003	231,8	1.045,6	193,5	132,3	396,9	221,2	328,6
2004	235,5	1.077,9	194,4	133,0	400,8	223,2	330,7
2005	239,5	1.109,8	195,5	133,6	405,1	225,3	333,8
2010	259,1	1.259,4	206,0	139,6	431,6	240,3	355,4
2015	282,0	1.448,5	217,2	144,8	461,1	253,2	378,6
2020	306,8	1.671,8	226,5	146,7	489,3	258,9	413,2
2025	340,3	1.934,8	236,6	148,9	523,2	265,3	436,0

Tafla 9 Spá um almenna raforkunotkun, ótryggð orka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1990*	0,0	0,0	0,0	61,4	25,4	31,7	65,8
1991*	0,0	0,0	0,6	65,5	32,1	31,4	75,5
1992*	0,0	0,3	2,1	69,2	40,1	34,6	83,3
1993*	0,0	1,0	1,5	68,1	45,5	38,3	78,8
1994*	0,0	1,1	1,5	71,8	58,8	39,6	78,6
1995*	22,8	3,3	1,9	67,8	75,8	53,4	81,0
1996*	24,0	5,5	0,9	74,0	86,4	69,8	78,1
1997*	30,6	7,1	1,1	77,8	77,6	77,6	78,3
1998*	25,2	6,6	1,3	53,6	58,1	64,5	55,5
1999*	19,6	7,2	0,9	70,5	55,6	75,0	70,0
2000*	33,2	9,7	0,7	77,3	65,4	72,5	76,2
2001	42,5	12,6	1,6	77,2	72,9	81,2	77,4
2002	42,6	13,2	1,7	75,4	73,2	117,5	77,6
2003	42,7	13,8	1,9	75,2	73,6	170,2	78,4
2004	42,8	14,4	2,0	74,9	73,9	170,5	79,1
2005	42,9	14,9	2,1	74,8	74,2	170,8	80,0
2010	43,3	16,5	2,5	77,7	74,9	173,4	84,9
2015	43,7	18,1	2,9	79,7	75,6	175,6	89,5
2020	44,1	19,7	3,3	79,6	76,2	176,8	93,5
2025	44,5	21,2	3,7	79,1	76,8	177,8	96,9

Tafla 10 Spá um almenna raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1990*	193,0	698,0	183,0	198,4	362,4	221,4	275,0
1991*	191,0	724,0	181,6	201,5	361,1	214,0	296,0
1992*	186,0	718,3	189,1	211,2	381,1	231,3	317,0
1993*	189,0	725,0	186,5	211,1	389,5	239,9	314,0
1994*	189,0	746,0	186,7	215,2	428,8	236,8	334,1
1995*	213,8	766,7	190,8	210,2	466,2	259,7	350,3
1996*	221,4	791,1	183,0	214,4	463,6	285,2	348,3
1997*	230,9	814,7	193,8	213,4	458,9	302,6	356,4
1998*	228,9	852,9	200,2	191,7	441,1	297,2	330,5
1999*	230,5	895,8	197,7	207,1	437,9	297,1	390,7
2000*	259,8	955,0	195,0	211,6	458,1	296,3	396,9
2001	270,9	1.005,4	196,0	211,1	468,0	304,8	404,8
2002	271,0	1.029,0	194,4	207,2	466,7	337,1	404,3
2003	274,5	1.059,4	195,4	207,5	470,4	391,4	407,0
2004	278,3	1.092,3	196,4	207,9	474,7	393,7	409,8
2005	282,4	1.124,8	197,6	208,5	479,3	396,1	413,9
2010	302,4	1.275,9	208,5	217,3	506,4	413,7	440,3
2015	325,7	1.466,6	220,1	224,4	536,7	428,7	468,2
2020	350,9	1.691,5	229,8	226,2	565,5	435,7	506,7
2025	384,8	1.956,0	240,3	228,1	600,1	443,1	532,9

4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 1997

Áætluð notkun hefur hækkað frá spánni sem kom út árið 1997 eins og fram kemur í töflum 11 til 13. Þessi hækkun stafar af aukinni notkun stóriðju, þ.e. aukningu hjá Norðuráli, Íslenska álfélaginu. Almenn notkun er nú heldur minni en miðað var við og stafar það aðalleg af því að gert er ráð fyrir minni nokun í fiskiðnaði vegna þess að miðað er við minni afla en áður.

Heimilisnotkun er áætluð heldur meiri nú en í spánni frá 1997. Notkun í landbúnaði er meiri vegna aukinnar notkunar við ylrækt. Notkunin minnkar í iðnaði þar sem hægt hefur á vexti í þeirri grein auk þess sem forsendur hafa breyst varðandi fiskafla en sú tímabundna aukning sem þar kom fram um miðjan síðasta áratug virðist gengin yfir. Í þjónustu er mikil uppbygging nú sem skilar sér í aukinni notkun. Í floknum annað er nokkur minnkun aðallega vegna minni notkunar varnarliðsins. Dreifitöp minnka einnig þar sem þau voru óvenju lítil á síðasta ári og því líklegt að notkunin sé ofmetin þá og töpin vanmetin.

Þær breytingar sem gerðar eru nú á spánni leiða af sér aukna notkun á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en minni notkun í öðrum landshlutum, sjá töflu 13.

Tafla 11 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka.

Ár	Almenn notkun með dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings-töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
1997*	-23	-22	0	0	15	6	-8	
1998*	-19	-24	-99	39	62	-4	-56	
1999*	1	-24	64	12	25	13	90	
2000*	33	-12	119	15	-7	-11	145	
2001	34	-24	294	64	-4	-11	324	34
2002	-5	-31	501	58	1	-10	497	22
2003	-17	-33	501	58	1	-10	484	19
2004	-26	-35	501	58	0	-10	475	17
2005	-32	-36	501	58	0	-10	469	16
2010	-73	-47	501	58	-2	-11	426	5
2015	-77	-51	501	58	-3	-12	421	1
2020	-81	-55	501	58	-4	-12	416	-4
2025	-59	-56	501	58	-4	-13	438	-5

Tafla 12 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsocka, greind niður á flokka.

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnaður GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf MW
1997*	112	-2	6	-13	-4	-5	-2	-21	-3	-24		-22
1998*	418	1	7	-19	3	-17	-10	-34	15	-19		-24
1999*	1.499	13	11	-27	21	4	-10	11	-10	1		-24
2000*	3.244	34	15	-28	63	12	-12	84	-51	33		-12
2001	5.070	37	13	-50	87	14	-12	88	-53	34		-24
2002	6.215	37	9	-75	81	13	-13	52	-57	-5		-31
2003	6.380	39	7	-81	79	12	-13	43	-60	-17		-33
2004	6.550	41	4	-88	80	12	-13	36	-62	-26		-35
2005	6.717	42	4	-92	80	12	-13	32	-64	-32		-36
2010	7.323	45	5	-136	91	11	-15	2	-75	-73		-47
2015	7.640	42	7	-160	125	10	-17	7	-84	-77		-51
2020	7.813	48	8	-211	179	8	-19	13	-95	-81		-55
2025	7.981	57	10	-263	258	7	-22	46	-105	-59		-56

Tafla 13 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkunar frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka, greind niður á landshluta.

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
1997*	-1	-4	0	-6	-6	-3	-4
1998*	0	10	4	-5	-16	1	-14
1999*	4	31	0	-9	-26	-13	13
2000*	17	61	-4	-13	-22	-15	9
2001	15	82	-7	-16	-27	-20	7
2002	11	78	-11	-21	-36	-28	2
2003	11	80	-14	-23	-40	-31	0
2004	11	84	-16	-25	-43	-34	-3
2005	11	89	-18	-27	-47	-36	-4
2010	9	99	-24	-36	-64	-47	-10
2015	9	124	-29	-42	-76	-51	-12
2020	7	162	-34	-50	-92	-60	-15
2025	6	218	-37	-57	-106	-67	-15

RITASKRÁ

Arnar Sch Thorsteinsson, 1998: "Hafa verðbreytingar á raforku einhver áhrif á eftirspurn?" Lokaritgerð til B.S. prófs í hagfræði frá Háskóla Íslands

Fiskifélag Íslands, 1997: "Útvegur 1996".

Fiskifélag Íslands, 1998: "Útvegur 1997".

Hagstofa Íslands, 1998: "Landshagir 1998". Hagskýrslur Íslands III, 59.

Hagstofa Íslands, 1999: "Landshagir 1999". Hagskýrslur Íslands III, 65.

Hagstofa Íslands, 2000: "Landshagir 2000". Hagskýrslur Íslands III, 77.

Hagstofa Íslands, 1998: "Hagtíðindi", 83. árgangur.

Hagstofa Íslands, 1999: "Hagtíðindi", 84. árgangur.

Hagstofa Íslands, 2000: "Hagtíðindi", 85. árgangur.

Hagstofa Íslands, 2001: "Hagtíðindi", 86. árgangur.

Hagstofa Íslands, 1999: "Útvegur 1998". Hagskýrslur Íslands III, 66.

Hagstofa Íslands, 2000: "Útvegur 1999". Hagskýrslur Íslands III, 75.

Orkuspárnefnd, 1997: "Raforkuspá 1997-2025". OS-97059.

Orkuspárnefnd, 1998: "Raforkuspá 1998-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". OS-98059.

Orkuspárnefnd, 1999: "Raforkuspá 1999-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". OS-99082.

Orkuspárnefnd, 2000: "Raforkuspá 2000-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". OS-2000/063.

Orkuspárnefnd, 2001: "Almennar forsendur orkuspáa 2001. Samantekt fyrir vinnuhópa Orkuspárnefndar". Birt á heimasíðu Orkuspárnefndar, orkuspa.is.

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 1999: "Hagtölur landbúnaðarins 1999".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 2000: "Hagtölur landbúnaðarins 2000".

Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins, 2001: "Hagtölur landbúnaðarins 2001".

Verkfræðistofan AFL, 2001: Gagnagrunnur Orkuspárnefndar. Gögn um raforkuvinnslu og notkun.

Þjóðhagsstofnun, 1999: "Atvinnuvegaskýrsla 1996". Atvinnuvegaskýrslur nr. 57

Þjóðhagsstofnun, 2000: "Atvinnuvegaskýrsla 1997". Atvinnuvegaskýrslur nr. 59

Þjóðhagsstofnun, 1998: "Sögulegt yfirlit hagtalna". Þjóðarbúskapurinn nr. 24.

Þjóðhagsstofnun, 2001: "Þjóðarbúskapurinn". Framvinda 2000 og horfur 2001". Þjóðarbúskapurinn nr. 27.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002 (Lögð fram af forsætisráðherra hinn 1. október 2001).

VIÐAUKI 1

**Raforkunotkun ársins 2000 greind niður á
virkjanir og mánuði**

RAFORKUNOTKUN Á ÍSLANDI ÁRÍÐ 2000

Teg.	Númer	Heiti	Janúar MWh	Febrúar MWh	Mars MWh	Apríl MWh	Mai MWh	Júní MWh	Júlí MWh	Ágúst MWh	September MWh	Oktober MWh	Nóvember MWh	Desember MWh	Allis MWh
VV	1	Elliðaár	578	509	634	599	0	0	0	0	0	514	251	444	3.529
VV	313	Rjúkandi	634	401	634	685	331	176	697	679	669	698	658	644	6.906
VV	351	Andakill	3.568	2.318	4.283	5.400	4.821	1.529	3.039	1.544	2.325	1.919	880	837	32.463
VV	15.101	Fossa- og Nónhornswain	360	352	320	352	683	633	677	530	423	393	260	188	5.171
VV	16.115	Reiðhjallavirkjun	154	78	81	53	213	288	342	234	156	145	66	39	1.849
VV	23.143	Mjólka	4.866	3.835	4.676	5.205	5.870	5.891	6.164	6.071	5.910	5.459	4.171	3.621	61.739
VV	12.194	Sængurfossárvirkjun	74	78	84	54	47	73	59	49	36	95	120	112	881
VV	12.192	Blævdalsárvirkjun	74	96	35	84	90	58	58	60	54	72	40	28	749
VV	12.193	Myrarárvirkjun	21	15	11	11	11	10	12	34	22	36	19	20	222
